# Árshlutauppgjör 3F 2022

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

25. október 2022



# Lykiltölur úr rekstri

| | 3F 2022 | 9M 2022 |
|---|---|---|
| Tekjur | **6.210 m.kr.**<br>3F 2021: 6.124 m.kr. | **18.339 m.kr.**<br>9M 2021: 18.079 m.kr. |
| EBITDA | **1.790 m.kr.**<br>3F 2021: 1.627 m.kr. | **4.516 m.kr.**<br>9M 2021: 4.219 m.kr. |
| EBITDA % | **28,8%**<br>3F 2021: 26,6% | **24,6%**<br>9M 2021: 23,3% |
| EBIT | **986 m.kr.**<br>3F 2021: 840 m.kr. | **2.242 m.kr.**<br>9M 2021: 1.887 m.kr. |
| Fjárfestingar | **1.953 m.kr.**<br>3F 2021: 265 m.kr. | **3.083 m.kr.**<br>9M 2021: -6.098 m.kr. * |

| Handbært fé | Eiginfjárhlutfall | Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta |
|---|---|---|
| **33.852 m.kr.**<br>4F 2021: 3.509 m.kr. | **80,4%**<br>4F 2021: 44,6% | **2.916 m.kr.**<br>3F 2021: 1.444 m.kr. |

* Fjárfestingar neikvæðar á fyrstu 9 mánuðum 2021 vegna sölu á fjarskiptakerfum til Mílu sem ekki er lengur hluti af samstæðu Símans.

# Rekstur

# Rekstrarreikningur

| Rekstrarreikningur | 3F | | | 9M | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2021 | % | 2022 | 2021 | % |
| Rekstrartekjur | 6.210 | 6.124 | 1,4% | 18.339 | 18.079 | 1,4% |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.681) | ( 3.766) | -2,3% | ( 11.040) | ( 11.241) | -1,8% |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.543) | ( 1.518) | 1,6% | ( 5.057) | ( 4.951) | 2,1% |
| EBIT | 986 | 840 | 17,4% | 2.242 | 1.887 | 18,8% |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 84) | 29 | -389,7% | ( 157) | ( 101) | 55,4% |
| Tekjuskattur | ( 184) | ( 162) | 13,6% | ( 404) | ( 361) | 11,9% |
| Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi | 718 | 707 | *1,6%* | 1.681 | 1.425 | *18,0%* |
| Aflögð starfsemi | 35.628 | 350 | | 35.916 | 3.134 | *1.046,0%* |
| Hagnaður tímabils | 36.346 | 1.057 | *3.338,6%* | 37.597 | 4.559 | *724,7%* |
| EBITDA | 1.790 | 1.627 | 10,0% | 4.516 | 4.219 | 7,0% |
| Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi | 0,10 | 0,09 | *11,1%* | 0,23 | 0,18 | *27,8%* |

**Rekstrartekjur**




**EBITDA**




**EBIT**




## Fjórðungurinn

- Tekjur aukast frá 3F 2021
  - Vöxtur 4,1% sé leiðrétt fyrir vörusölu til Mílu og Spotify sem Síminn hætti að selja í byrjun þessa árs
  - Farsímatekjur aukast um 9%
    - Auknar reikitekjur en einnig vöxtur í hefðbundnum áskriftarleiðum
  - Gagnaflutningstekjur aukast um rúm 5%
  - Tekjur af sjónvarpsþjónustu aukast um rúm 8%
- Framlegð eykst um rúm 4%
- Rekstrarhagnaður eykst um rúm 17%
- EBITDA eykst um 10%
  - Heildarkostnaður lækkar lítillega á milli fjórðunga
- Hagnaður af sölu Mílu færist á fjórðungnum

# Tekjur eftir starfsþáttum

| Starfsþættir | 3F | | | | 9M | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2021 | Breyting | % | 2022 | 2021 | Breyting | % |
| Farsími | 1.618 | 1.484 | 134 | 9,0% | 4.500 | 4.146 | 354 | 8,5% |
| Talsími | 318 | 395 | -77 | -19,5% | 1.063 | 1.200 | -137 | -11,4% |
| Gagnaflutningur | 1.923 | 1.825 | 98 | 5,4% | 5.651 | 5.517 | 134 | 2,4% |
| Sjónvarpsþjónusta | 1.674 | 1.544 | 130 | 8,4% | 4.948 | 4.739 | 209 | 4,4% |
| Vörusala | 418 | 479 | -61 | -12,7% | 1.359 | 1.512 | -153 | -10,1% |
| Annað | 259 | 397 | -138 | -34,8% | 818 | 965 | -147 | -15,2% |
| **Samtals** | **6.210** | **6.124** | **86** | **1,4%** | **18.339** | **18.079** | **260** | **1,4%** |












Rekstur á fyrstu níu mánuðum ársins 2022

# Tekjudrifin afkomuaukning

- EBITDA eykst um 7% miðað við sama tímabil 2021
- Rekstrartekjur hækka á milli tímabila
- Tekjur aukast um 2,3% á milli tímabila sé leiðrétt fyrir Spotify sem Síminn hætti að selja á síðasta ári og tímabundnum tekjum vegna vörusölu til Mílu
  - Tekjur af farsíma hækka um tæp 9% sem skýrist einkum af auknum áskriftartekjum og reikitekjum. Hraður viðsnúningar í ferðaþjónustu hefur áhrif
  - Vöxtur í sjónvarpsþjónustu er vegna aukningar í sjónvarpsþjónustu Símans og Sjónvarpi Símans Premium
  - Tekjur af gagnaflutningi aukast um rúm 2%
- Rekstrarhagnaður eykst um rúmlega 350 m.kr. á milli tímabila
  - Heildarkostnaður lækkar um tæpar 100 m.kr. á milli tímabila
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eykst um 256 m.kr.
- Kostnaður nánast óbreyttur á milli tímabila þrátt fyrir háa verðbólgu
  - Launakostnaður hækkar um 140 m.kr. eða 4,9%
  - Starfslokakostnaður að hluta til skýring en einnig launaskrið
- Stærstu kostnaðarliðir breytast lítið á milli ára
  - Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður eykst sem skýrist af kostnaði við umbreytingar á innri kerfum
  - Á móti lækkar kostnaðarverð seldrar þjónustu sem er afrakstur kostnaðaraðhalds á ýmsum sviðum og betri birgjasamningum
  - Greiðslur fyrir þjónustu Mílu verða tæplega 40% af heildarkostnaði Símans án tillits til afskrifta. Verða um 7 ma.kr. á þessu ári
- Vaxtagjöld hækka um 64 m.kr. á milli tímabila og vaxtatekjur lækka um 26 m.kr.
  - Söluhagnaður af hlut Símans í Auðkenni nam 113 m.kr.

# Efnahagur og sjóðstreymi

# Efnahagsreikningur

| Eignir | 30.09.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| Rekstrarfjármunir.................................................... | 2.312 | 2.219 |
| Leigueignir.............................................................. | 997 | 753 |
| Óefnislegar eignir.................................................... | 21.870 | 19.403 |
| Skuldabréfaeign...................................................... | 16.069 | 0 |
| Aðrar eignir............................................................. | 547 | 675 |
| **Fastafjármunir** | **41.795** | **23.050** |
| **Veltufjármunir** | | |
| Birgðir..................................................................... | 1.215 | 923 |
| Viðskiptakröfur........................................................ | 2.351 | 2.234 |
| Aðrar skammtímakröfur........................................... | 2.278 | 3.082 |
| Handbært fé........................................................... | 33.852 | 3.509 |
| Eignir flokkaðar til sölu.......................................... | 0 | 36.929 |
| **Veltufjármunir** | **39.696** | **46.677** |
| **Eignir alls** | **81.491** | **69.727** |

| Skuldir og eigiði fé | 30.09.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Eigið fé.................................................................. | 65.480 | 31.079 |
| **Langtímaskuldir** | | |
| Skuldabréfalán........................................................ | 5.953 | 5.943 |
| Leiguskuldbinding................................................... | 786 | 653 |
| Viðskiptaskuldir...................................................... | 585 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding.......................................... | 485 | 604 |
| **Langtímaskuldir** | **7.809** | **7.200** |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Skuldir við lánastofnanir.......................................... | 332 | 1.518 |
| Viðskiptaskuldir...................................................... | 5.714 | 2.141 |
| Næsta árs afborgun................................................. | 248 | 180 |
| Aðrar skammtímaskuldir.......................................... | 1.908 | 1.783 |
| Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu........... | 0 | 25.826 |
| **Skammtímaskuldir** | **8.202** | **31.448** |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **81.491** | **69.727** |

**Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldb.**




**Eiginfjárhlutfall**




**Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldb./EBITDA***




**Arðsemi eigin fjár**




Hreinar vaxtaberandi skuldir taka nú tillit til útlána hjá Símanum Pay.
Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019.

*Án stjórnvaldssektar árið 2020.

# Sjóðstreymi

| Sjóðstreymi | 9M 2022 | 9M 2021 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður ársins..... | 2.242 | 1.887 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir..... | 2.274 | 2.332 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna..... | ( 56) | ( 1) |
| | 4.460 | 4.218 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum..... | 1.659 | 1.258 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 6.119 | 5.476 |
| Nettó greiddir vextir..... | ( 208) | ( 83) |
| Greiddir skattar..... | ( 557) | ( 586) |
| Handbært fé frá rekstri | 5.354 | 4.807 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum..... | ( 3.083) | 6.098 |
| Aðrar fjárfestingarhreyfingar..... | ( 96) | ( 612) |
| Sala eignahluta og aflögð starfsemi..... | 32.713 | 15.012 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 29.534 | 20.498 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Greiddur arður ..... | ( 500) | ( 500) |
| Viðskipti með eigin bréf..... | ( 2.696) | ( 2.088) |
| Útgreitt hlutafé..... | 0 | ( 7.968) |
| Afborganir leiguskuldbindingar..... | ( 155) | ( 129) |
| Nettó breyting á lánum..... | ( 1.186) | ( 8.411) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 4.537) | ( 19.096) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....** | 30.351 | 6.209 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....** | ( 8) | 8 |
| **Handbært fé í upphafi árs.....** | 3.509 | 735 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins.....** | 33.852 | 6.952 |

## Sjóðstreymi

- Mikil breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum sem skýrist af nokkrum þáttum
  - Gjalddagabreyting Mílu um sl. áramót
  - Fyrirframgreiðsla enska boltans fer á fjárfestingu
  - Útlánaaukning Símans Pay
- Fjárfestingar miklar á 3F m.a. vegna áðurnefndrar tilfærslu af fyrirframgreiddum kostnaði yfir á fjárfestingu
- Greiðsla vegna sölu á hlut í Mílu var 32,7 ma.kr.
  - Er varðveitt á bankareikningum og mánaðarlegar vaxtatekjur um 160 m.kr.
- Ríflega 600 m.kr. aukning í endurkaupum á milli ára

# Fjárfestingar

# Fjárfestingar










## Fjárfestingar Símans hafa aukist talsvert í ár, sem er tímabundin aukning

- Endurnýjun á sýningarrétti að ensku úrvalsdeildinni er framhlaðin fjárfesting og nú er fyrsta ár nýs samnings
- Sýningarrétturinn færðist á fjárfestingu á 3F 2022. Fyrsta greiðsla var árið 2021 en ekkert er greitt vegna réttarins árið 2022. Næst greitt árið 2023.

*Endurgert m.v. breytta framsetningu á sýningarrétti sjónvarpsefnis

# Um starfsemina

# Héraðsdómur Reykjavíkur felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins

- Ákvörðun SE frá maí 2020
  - 500 m.kr. sekt vegna þess að SE taldi að Síminn hefði brotið gegn tveimur sáttum
  - SE taldi að brotið hefði verið gegn sáttunum með því að Heimilispakkinn hefði innihaldið útsendingar frá leikjum í ensku úrvalsdeildinni
  - Síminn bauð eftir sem áður stakar áskriftir að Síminn Sport og Sjónvarpi Símans Premium sem og fjarskiptaþjónustu félagsins og var áskrift að sjónvarpsþjónustu félagsins umtalsvert lægra en verð Heimilispakkans
- Í janúar 2021 felldi áfrýjunarnefnd samkeppnismála hluta ákvörðunarinnar úr gildi
  - Sá hluti sem tengdist meintu broti gegn sátt er varðar aðskilnað Símans og Mílu
  - Sekt lækkuð um 300 m.kr.
- Í október 2022 felldi Héraðsdómur Reykjavíkur úr gildi ákvörðun SE
  - Síminn leitaði til dómstóla þar sem það var mat Símans að afstaða áfrýjunarnefndar til þess þáttar sem stóð eftir hafi verið efnislega röng
  - Raunhæft og mögulegt fyrir viðskiptavini að kaupa fjarskiptaþjónustu af Símanum án þess að kaupa sjónvarpsþjónustu sem innihélt útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni
  - Héraðsdómur féllst á rök Símans og taldi að Samkeppniseftirlitið hefði ekki sannað að Síminn hefði brotið gegn umræddri ákvörðun
  - Ennfremur tók Héraðsdómur undir afstöðu áfrýjunarnefndar varðandi þann þátt sem nefndin hafði áður fellt úr gildi en SE hafði leitast við að fá úrskurð áfrýjunarnefndar felldan úr gildi
  - Sekt með öllu felld niður sem hefur jákvæð áhrif á EBITDA á 4F um 200 m.kr.



# Efst á baugi

- Uppbygging 5G á fleygiferð
  - Settir hafa verið upp 65 5G sendar
    - 35 á höfuðborgarsvæðinu
    - 30 á landsbyggðinni
  - Í lok árs er gert ráð fyrir að búið verði að setja upp 80 senda
  - Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að 95% útbreiðslu (PoP) verði náð í árslok 2025
- Samstarf við Háskólann í Reykjavík
  - Síminn greiðir skólagjöld fyrir konur með framúrskarandi námsárangur til náms í tæknigreinum í HR
  - Markmið samstarfsins er að fá ungar konur til að íhuga tæknigreinar sem valkost í námi og fjölga konum sem útskrifast úr tæknigreinum
  - Fimm ára samstarfssamningur
- Íslensk framleiðsla í Sjónvarpi Símans hlaut 20 Edduverðlaun
  - Þættir og kvikmyndir frá Símanum hlutu alls 41 tilnefningu
  - Flest verðlaun allra sjónvarpsstöðva
  - Kvikmyndin Dýrið var sigurvegari kvöldsins
  - Systrabönd hlaut flest verðlaun í flokki leikins sjónvarpsefnis
  - Verðlaunin eru hvatning til að halda áfram á sömu braut





# Síminn Pay

- Útlán Símans Pay halda áfram að aukast og eru í dag um 1,5 ma.kr.
  - Víxlaútgáfa Símans hugsuð til að styðja við vöxt í útlánastarfsemi
  - Meðaltími lánasafns er um 6 mánuðir
  - Ársvextir lána eru nú 13,3%
- Síminn Pay kynnti nýlega rafræna beiðnabók sem leysir af hólmi gamaldags beiðnabækur fyrirtækja og stofnanna
- Kynnum nýja og spennandi greiðslulausn á næstunni sem miðar að því að auðvelda viðskiptavinum lífið með stafrænum og sveigjanlegum hætti.
- Stöðug vöruþróun hjá félaginu og munu fleiri nýjungar bætast við á næstunni




Staða útlána í lok ársfjórðungs (m.kr.)

# Vel heppnað víxlaútboð í október

- Síminn er með 6 ma.kr. lán
  - Breytilegir vextir (REIBOR + álag)
  - Afborgunarlaust enda skuldsetning afar lág
- Félagið hefur aðgang að lánalínum upp á 2 ma.kr. og getur að auki hækkað núverandi langtímalán um 3 ma.kr.
- Síminn hefur leitast við að auka vægi markaðsfjármögnunar og fyrstu skrefin hafa verið víxlaútgáfa
- Víxlaútboði lauk þann 11. október sl. þar sem alls bárust tilboð fyrir 3 ma.kr. á bilinu 7,10% - 7,39%
- Tekið var tilboðum fyrir 1,1 ma.kr. á 7,20% flötum vöxtum
- Um er að ræða 64 punkta álag á 6M REIBOR sem er besta niðurstaða í víxlaútgáfum Símans hingað til



# Sala Mílu til Ardian frágengin þann 30. september

- Heildarverð Mílu (e. Enterprise Value) var 69,5 ma.kr.
- Samkvæmt kaupsamningi fékk Síminn greitt á efndadegi 32,7 ma.kr. í reiðufé og 17,5 ma.kr. í formi skuldabréfs sem Síminn veitir kaupanda til þriggja ára
- Skuldabréfið er framseljanlegt og ber 4% vexti
    - Nauðsynlegt að leggja mat á áhrif af neikvæðri þróun vaxta þegar það er fært til eignar
    - Þar sem vextir á markaði eru talsvert hærri nú en þegar upphaflega var gengið frá sölu Mílu á 4F 2021 er gangvirði lækkað um 1,4 ma.kr. Vaxtaviðmið er 1% álag á RIKB 25.
- Söluhagnaður án áhrifa af skuldabréfi og skattaáhrifa er 37,8 ma.kr.



# Viðskipti Símans og Mílu

- Samhliða sölu Mílu til Ardian var gerður heildsölusamningur á milli Símans og Mílu
- Samningurinn er til 15 ára
- Samningurinn breytir litlu um viðskiptasambandið á milli félaganna eins og það var fyrir sölu
  - Helsta breytingin er að settur er rammi utan um kaup Símans á breiðbandstengingum sem var nauðsynlegt vegna íþyngjandi krafna Samkeppniseftirlitsins
  - Skýrari ákvæði um hvernig Míla getur breytt verðum en fyrir sölu
  - Verð sem eru ekki kostnaðargreind eru nú að hluta til vísitölutengd en þó með hámarkshækkun
- Áhrif samnings á efnahagsreikning eru engin
  - Engin leiguskuldbinding myndast hjá Símanum vegna samningsins
  - Ekkert í sölunni eða samningnum flokkast sem sala og endurleiga (e. Sale-Leaseback)



# Hluthafar

# Hluthafafundur 26. október 2022

- Þann 26. október munu hluthafar Símans kjósa um eftirfarandi tillögu stjórnar:

  *„Hluthafafundur Símans hf., haldinn 26. október 2022 samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 7.300.000.000 í kr. 4.400.000.000, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 31.500.000.000. Lækkun hlutafjár fer fram á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Nafnverð hlutafjár lækkar um kr. 2.900.000.000 en lækkunarfjárhæð sú sem umfram er verður færð til lækkunar af öðrum eiginfjárreikningum. Verði tillagan samþykkt mun kauphöll verða tilkynnt með sérstakri tilkynningu um framkvæmd lækkunar hlutafjár, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Greiðsla verður innt af hendi eins fljótt og unnt er eftir að lögboðnum fyrirvörum hefur verið fullnægt.“*
- Eigin bréf Símans eru 3,04% og því nemur útgreiðsla rúmum 30,5 ma.kr.
- Eiginfjárhlutfall er nú ríflega 80% sem er fjarri markmiðum félagsins um fjármagnsskipan
- Síminn er í aðstöðu til að nýta sér þau tækifæri sem félagið kann að vilja skoða á innanlandsmarkaði burtséð frá söluandvirði Mílu
- Síminn býr ekki við tækniskuld
- Ekki stefna félagsins að liggja með verulegt handbært fé sem nýtist ekki í daglegum rekstri eða fjárfestingum

| Samstæða | 30.9.2022 | Lækkun hlutafjár | 30.9.2022 PF |
|---|---|---|---|
| Fastafjármunir........................................ | 41.795 | 0 | 41.795 |
| Veltufjármunir........................................ | 39.696 | -30.542 | 9.154 |
| **Eignir.....................................................** | **81.491** | **-30.542** | **50.949** |
| *- þ.a. handbært fé* | *33.852* | *-30.542* | *3.310* |
| *- þ.a. skuldabréf* | *16.697* | *0* | *16.697* |
| | | | |
| Eigið fé.................................................. | 65.480 | -30.542 | 34.938 |
| *- þ.a. hlutafé* | *7.086* | *-2.900* | *4.186* |
| *- þ.a. óráðstafað eigið fé* | *56.837* | *-27.642* | *29.195* |
| Langtímaskuldir...................................... | 7.809 | 0 | 7.809 |
| Skammtímaskuldir.................................. | 8.202 | 0 | 8.202 |
| **Skuldir og eigið fé.................................** | **81.491** | **-30.542** | **50.949** |
| *-þ.a. vaxtaberandi skuldir* | *6.285* | *0* | *6.285* |
| *-þ.a. leiguskuldbinding* | *1.034* | *0* | *1.034* |
| | | | |
| Eiginfjárhlutfall | *80,4%* | | *68,6%* |

# Hluthafar




| Hluthafar 19.10.2022 | Fjöldi hluta | Eignahlutur |
|---|---|---|
| Stoðir hf. | 1.162.220.631 | 15,92% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 858.257.927 | 11,76% |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild | 786.450.000 | 10,77% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 545.992.195 | 7,48% |
| Brú Lífeyrissjóður starfs sveit | 397.600.359 | 5,45% |
| Íslandsbanki hf,safnskráning 2 | 396.693.435 | 5,43% |
| Stapi lífeyrissjóður | 287.878.868 | 3,94% |
| Birta lífeyrissjóður | 282.396.563 | 3,87% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 251.575.320 | 3,45% |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild | 230.479.922 | 3,16% |
| **10 stærstu hluthafar** | **5.199.545.220** | **71,23%** |
| Aðrir hluthafar | 1.878.509.884 | 25,73% |
| **Samtals útistandandi hlutir** | **7.078.055.104** | **96,96%** |
| Eigin bréf | 221.944.896 | 3,04% |
| **Heildarhlutafé** | **7.300.000.000** | **100%** |




## Hluthafar

- Endurkaupaáætlun
  - Endurkaup á árinu nema 2.784 m.kr.
  - Arðgreiðsla ársins var 500 m.kr.
- Tillaga um lækkun hlutafjár
  - Tillaga á hluthafafundi 26. október um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa
  - Hlutafé lækki úr 7.300 m.kr. í 4.400 m.kr.
  - Greiðsla á hlut 10,862
- Hluthafar voru 1.242 í lok 3F 2022
- Hlutabréf Símans hafa lækkað um 7,5% það sem af er ári og um 3,6% undanfarna 12 mánuði

# Horfur 2022

Rekstrarhorfur 2022

# Uppfærð afkomuspá fyrir árið 2022

- Síminn hefur í tvígang uppfært afkomuspá ársins
  - Upphafleg EBITDA spá var á bilinu 5,3 – 5,6 ma.kr.
  - 30. september var EBITDA spá hækkuð í 5,8 – 6,1 ma.kr. þar sem óvissu um meðferð sölukostnaðar við sölu Mílu hafði verið eytt
  - 11. október var EBITDA spá hækkuð í 6,0 – 6,3 ma.kr. í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur vegna 200 m.kr. endurgreiðslu frá Samkeppniseftirlitinu
- Tekjuhorfur á 4F eru góðar og kostnaður er nokkuð fyrirséður út árið
- Horfur um fjárfestingar eru óbreyttar
  - Gert er ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði nálægt neðri mörkum spár

# Horfur fyrir árið 2022

| | 2022 |
|---|---|
| EBITDA | **6,0 - 6,3 ma.kr.** |
| Fjárfestingar | **4,3 – 4,6 ma.kr.** |

EBITDA samstæðu án Mílu var 5.502 m.kr. árið 2021.
Fjárfestingar samstæðu án Mílu voru 2.503 m.kr. árið 2021.

# Viðaukar

# Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnet.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

# Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.